

AUGLÝSING

**um staðfestingu námskrár um nám og próf
til að öðlast starfsleyfi sem umferðaröryggisrýnir.**

Með vísan til 7. gr. reglugerðar nr. 866/2011, um öryggisstjórnun vegamannvirkja, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 292/2014, sbr. 2. mgr. 46. gr. vegalaga nr. 80/2007, með áorðnum breytingum, hefur innanríkisráðherra í dag, 29. október 2014, staðfest námskrá um nám og próf til að öðlast starfsleyfi sem umferðaröryggisrýnir, samkvæmt auglýsingu þessari. Námskráin er fylgiskjal I með auglýsingu þessari og tekur gildi frá undirritunardegri staðfestingar.

Innanríkisráðuneytinu, 29. október 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal I.

NÁMSKRÁ fyrir öryggisstjórnun með sérstakri áherslu á umferðaröryggismat og umferðaröryggisrýni.

Inngangur.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008, um öryggisstjórnun vegamannvirkja var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 866/2011. Reglugerðinni var breytt með reglugerð nr. 292/2014.

Markmið öryggisstjórnunar vegamannvirkja er að fækka umferðarslysum með því að fylgja ákveðinni aðferðafræði sem hefur umferðaröryggi að leiðarljósi við undirbúning og lagningu nýrra vega sem og við úttektir á vegum sem þegar hafa verið teknir í notkun.

Reglugerðin gildir um vegi sem eru hluti af samevrópska vegakerfinu hér á landi, hvort sem þeir eru á hönnunarstigi, á framkvæmdastigi eða í notkun. Reglugerðin gildir ekki um jarðgöng sem falla undir reglugerð nr. 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 292/2014 segir m.a.:

„Til að öðlast starfsleyfi sem umferðaröryggisrýnir skal viðkomandi hafa viðeigandi reynslu eða þjálfun í vegahönnun, tæknivinnu á svíði umferðaröryggis og slysagreiningu og ljúka námskeiði í samræmi við námskrá sem Vegagerðin hefur látið semja og staðfest hefur verið af ráðherra“.

Hlutverk og markmið.

Námskeiðið skal halda með það að markmiði að veita starfsleyfi varðandi umferðaröryggismat og umferðaröryggisrýni. Markmiðið er að útskrifa hæfa umferðaröryggisrýna í þeim tilgangi að fækka umferðarslysum.

Inntökuskilyrði.

Til að öðlast rétt til setu á námskeiði skal viðkomandi hafa viðeigandi reynslu eða þjálfun í vegahönnun, tæknivinnu á svíði umferðaröryggis og slysagreiningu samkvæmt mati Vegagerðarinnar.

Réttindi og skyldur.

Vegagerðin skal sjá um að halda reglulega námskeið í samræmi við námskrá þessa. Eins skal bjóða reglulega upp á endurmenntun í samræmi við eftirfarandi ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 292/2014:

„Umferðaröryggisrýnar skulu viðhalda þekkingu sinni með því að taka reglulega þátt í endurmenntunarnámskeiðum“.

Tíðni námskeiða fer eftir eftirspurn.

Um námsmat og próf.

Til að öðlast starfsleyfi sem umferðaröryggisrýnir skal viðkomandi:

hafa viðeigandi reynslu eða þjálfun í vegahönnun, tæknivinnu á sviði umferðaröryggis og slysagreiningu,

hafa tekið þátt í vinnu við umferðaröryggisrýni eða –mat í að lágmarki þrjú skipti,
hafa setið námskeið Vegagerðarinnar og lokið prófi með tilskildum árangri.

Uppbygging náms.

Námskeið skal jafngilda 5 daga vinnu, á tímanum klukkan 9-16. Kennsla verður á formi fyrilestra og verkefna. Krafist er fullrar mætingar og virkar þátttöku.

Dagskrá:

Dagur 1

Vegagerðin og umferðaröryggi.

Stefna Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.

Evróputiskipun um öryggisstjórnun vegamannvirkja.

Vegalög.

Umferðarlög.

Veghönnunarreglur og leiðbeiningar.

Verklagsreglur.

Umferðaröryggi á Íslandi - staða. Umferðaröryggisáætlun.

Röðun og lagfæring vegarkafla þar sem slys eru mörg og slysatíðni er há.

Umferðaröryggisúttekt.

Dagur 2

Fækkun slysa og fjárhagslegur ávinningur.

Hagkvæmnispágun - val á lausnum.

Forgangsröðun verkefna.

Meginreglur í umferðaröryggisrýni.

Dæmi um góð og slæm vinnubrögð.

Lagalegt umhverfi.

Skýrslugerð.

Verkefni.

Dagur 3

Umferðaröryggismat.

Verkefni.

Öryggisþættir við hönnun vegamóta.

Dagur 4

2. stig umferðaröryggisrýni, verkhönnun.

Verkefni.

3. - 4. stig umferðaröryggisrýni.

Verkefni - vettvangsferð.

Dagur 5

Verkefni í 3. - 4. stigs umferðaröryggisrýni, yfirferð.

Próf.

Nr. 975

29. október 2014

Veikindi.

Ef veikindi eða sambærilegar óvæntar uppákomur koma í veg fyrir að nemandi geti þreytt próf mun Vegagerðin bjóða upp á sjúkrapróf svo viðkomandi fái tækifæri til að ljúka námskeiðinu.

Prófskírteini.

Samgöngustofa gefur út skírteini þar sem fram kemur að viðkomandi sé hæfur umferðaröryggis-rýnir samkvæmt upplýsingum þar að lútandi frá Vegagerðinni.

Vegagerðinni, 28. október 2014.

B-deild – Útgáfud.: 3. nóvember 2014